

# Fundir og fundarsköp

Umfjöllun fyrir fulltrúa í öldungaráði

Skrifstofa borgarstjórnar 2024

# Umboð öldungaráðs

Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Samþykkt ráðsins er frá 21. mars 2023

Er í endurskoðun

# Verksvið ráðsins

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra.

Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess.

Öldungaráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.  
4. gr.

Öldungaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs

# Skipan ráðsins

Öldungaráðið er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020

Borgarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Þá getur ráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Formaður öldungaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Öldungaráðið er vistað hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnarsýslu skrifstofunnar.

# Fundir öldungaráðs

Öldungaráð skal að jafnaði halda fund mánaðarlega, þ.m.t. opinn fund árlega. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum.

Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra og stýrir fundum ráðsins.

Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins.

Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum.

Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.





## Fundur nr. 87

Skoða

Breyta

Delete

### Dagskrá fundar

**Fundur númer:** 87

**Ráð eða nefnd:** Öldungaráð

**Staðsetning:** Ráðhús, Tjarnarbúð

**Dagsetning fundar:** 8. maí 2024 - 10:00

- Fundarsköp, ábyrgð og skyldur fulltrúa í ráðum og nefndum. MSS23090134 - kynning
- Aðgengi og biðstöðvar Strætó. MSS24050044 - kynning
- Tillaga öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar. MSS24030074 - afgreiðsla  
Fylgigögn



Tillaga



Umsögn menningar- íþróttá og tómstundaráðs



Umsögn velferðaráðs



Aðalmenn

Egill Þór Jónsson

[egill.thor.jonsson@reykjavik.is](mailto:egill.thor.jonsson@reykjavik.is)

Elinóra Inga Sigurðardóttir

[elinoras@gmail.com](mailto:elinoras@gmail.com)

Eva Kristín Hreinsdóttir

[eva.kristin.hreinsdottir@heilsugaeslan.is](mailto:eva.kristin.hreinsdottir@heilsugaeslan.is)

Ingibjörg Sverrisdóttir

[lhs@mi.is](mailto:lhs@mi.is)

Sara Björg Sigurðardóttir

[sara.bjorg.sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:sara.bjorg.sigurdardottir@reykjavik.is)

Sigurður Á Sigurðsson

[sigagsig@outlook.com](mailto:sigagsig@outlook.com)

Unnur Þöll Benediktsdóttir


[Unnur.tholl.benediktsdottir@reykjavik.is](mailto:Unnur.tholl.benediktsdottir@reykjavik.is)

# Leit í fundargerðum

Hér er hægt að leita í öllum fundargerðum. Hægt er að flokka eftir nefnd, dagsetningu og leita með leitarorði.

<input type="text" value="Leitarorð"/>	<input type="text" value="Nefnd All"/>	<input type="button" value="Leita"/>
<input type="text" value="Frá"/>   <input type="calendar"/>	<input type="text" value="Til"/>   <input type="calendar"/>	

Fundur	Dagsetning	Ráð / nefnd / stjórn
<a href="#">Íbúaráð Grafarvogs - Fundur nr. 49</a>	Mánudagur, 6. maí 2024	<a href="#">Íbúaráð Grafarvogs</a>
<a href="#">Forsætisnefnd - Fundur nr. 342</a>	Föstudagur, 3. maí 2024	<a href="#">Forsætisnefnd</a>
<a href="#">Íbúaráð Breiðholts - Fundur nr. 48</a>	Fimmtudagur, 2. maí 2024	<a href="#">Íbúaráð Breiðholts</a>
<a href="#">Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks - Fundur nr. 75</a>	Fimmtudagur, 2. maí 2024	<a href="#">Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks</a>
<a href="#">Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa - Fundur nr. 963</a>	Fimmtudagur, 2. maí 2024	<a href="#">Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa</a>
<a href="#">Borgarráð - Fundur nr. 5743</a>	Fimmtudagur, 2. maí 2024	<a href="#">Borgarráð</a>
<a href="#">Fjölmeningarráð - Fundur nr. 71</a>	Þriðjudagur, 30. apríl 2024	<a href="#">Fjölmeningarráð</a>



Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi í öldungaráði sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá skal senda skriflega ósk um það til ritara ráðsins

Dagskrá er lokað um leið um leið og boðun hefur farið fram og þá er ekki hægt að koma málum á dagskrá nema leita afbrigða á fundinum sjálfum.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum.

Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Fulltrúum er heimilt að taka þátt í fundi ráðsins með rafrænum hætti, með samþykki formanns ráðsins.

Þá skal fulltrúinn vera staddur í Reykjavík eða í erindagjörðum innanlands á vegum Reykjavíkurborgar.

Þegar fulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal tryggja möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna. Að öðru leyti skal fylgja leiðbeiningum ráðherra um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna og reglum Reykjavíkurborgar um fjarfundi.

# Skyldur fulltrúa í öldungaráði

Fulltrúum í ráðum og nefndum ber skylda til að taka þátt í öllum fundum í ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

**Til lögmætra forfalla teljast veikindi, brýnar, ófyrirséðar og óviðráðanlegar aðstæður og önnur brýnni skyldustörf.**

Ef forföll verða þá ber fulltrúa að tilkynna formanni/ritara og boða varamann sinn eða óska eftir að hann verði boðaður.

# Tillögur og afgreiðsla

Við hvert mál sem er til umfjöllunar er heimilt er að bera fram:

- breytingatillögur
- viðaukatillögur
- frestunartillögur
- frávísunartillögur

- Slíkar tillögur skulu vera skriflegar.



- Mál má afgreiða með því að:
  - samþykkja það
  - fella það
  - vísa því frá
  - vísa til meðferðar/umsagnar
    - borgarstjóra
    - nefnda eða ráða
  - samþykkja tillögu um frestun

# Tillögur

**„Tillaga er hugmynd sem fjallað er um í þeim tilgangi að taka efnislega afstöðu til hennar svo sem tillaga um að halda kynningarfund eða hækka gjöld“**

- efnisleg afstaða
- það á að vera hægt að samþykkja tillögu og framkvæma hana í beinu framhaldi
- hvað á að vera í greinargerð?
  - Rökstuðningur
  - Skýringar

# Bókanir

- Skulu vera stuttar
- Ein bókun undir hverjum lið – ath. gagnbókanir en það eru svör við öðrum bókunum
- Þær eiga að lýsa afstöðu fulltrúa til máls sem er til meðferðar.
  - ekki greinargerðir
  - ekki skriflegur málflutningur
  - ekki lengra en 200 orð

- Stutt athugasemd í fundargerð um afstöðu kjörins fulltrúa.
- 200 orða-reglan
- Bókun um mál sem er til meðferðar á fundinum, þ.e. er á dagskrá.
- Þröng túlkun leiðir til þess að ekki er heimilt að bóka undir framlagningu. Það er þó oft heimilað.
- Hvað gerist ef bókun er efnislega röng eða villandi?
  - formaður getur neitað að taka bókun inn.
  - formanni ber fyrst að gefa fulltrúa tækifæri á að bæta úr

- Bókanir skulu vera skriflegar, afhendast fundarritara og lesnar upp áður en fundi er slitið.
- Það er óheimilt að færa greinargerðir eða skriflegan málflutning í fundargerð samkvæmt samþykktum.
- Ein bókun undir hverjum lið.
- Bókun er samfelldur texti í fundargerð án málsgreina. Ekki má nota hástafi, annað letur, eða upphrópunarmerki þar sem það á ekki við.